

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 289/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ingvári Þór Ólasyni

(Ólafur Garðarsson hrl.)

Kynferðisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1996 í framhaldi yfirlýsingar ákærða um áfrýjun með vísan til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákærvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ákærða. Jafnframt er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða kæranda 600.000 krónur í miskabætur auk vaxta og kostnaðar, eins og lýst er í ákæru.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, að viðurlög og fjárhæð bótaskrófu verði endurskoðuð.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal endurrit dómsyfirheyrslna, sem fram fóru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að ósk verjanda 10. og 11. september 1996, einnig bréf Ragnheiðar Indriðadóttur sálfræðings til ríkissaksóknara frá 25. september 1996 um viðtöl hennar við kæranda.

Í niðurstöðu héraðsdóms er byggt á framburði kæranda fyrir dómi, sem talinn er trúverðugur og er jafnframt studdur frásögnum vitna. Ekki þykja efni til að hnekkja þessu mati héraðsdóms. Af frásögnum verður ekki ráðið, að ölvun kæranda hafi verið svo mikil, að nálgæðist rænuleysi. Enginn samdráttur hafði fyrir um kvöldið verið milli ákærða og kæranda, en hún dró sig í hlé úr samkvæminu síðla nætur og lagðist til svefns í hjónarúmi sínu. Þá sátu gestir áfram í stofu með sambýlismanni hennar og sofnuðu þar öll aðrir en ákærði. Þegar ákærði hóf samfarir við kæranda í rúminu í rökkvæðu svefnherbergi, skynjaði hún það svo í fyrstu, að um mann sinn

væri að ræða. Var hún þá að eigin sögn haldin svefndrunga, sem verið hefur þungri en ella vegna áfengisneyslu. Ákærði hafði enga ástæðu til að ætla, að kærandi myndi vilja þýðast sig. Hlaut honum að vera ljóst, að kærandi væri í villu, eins og öllum aðstæðum var háttað. Þykir atferli hans með hliðsjón af þessu verða heimfært undir 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki 196. gr., svo sem gert er í ákæru og héraðsdómi. Þykir mega beita fyrrnefnda refsíákvæðinu, enda stendur verknaðarlýsing í ákæru því ekki í vegi, og höfðu sækjandi og verjandi færi á að tjá sig um málið að því leyti, sbr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Brot ákærða er alvarlegt og beindist gegn mikilvægum hagsmunum. Á hinn bóginn má líta til þess, að hann hefur ekki áður gerst brotlegur við almenn hegningarlög. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði, en eftir atvikum er rétt, að hluti refsingarinnar, sex mánuðir, verði skilorðsbundinn, eins og nánar segir í dómsorði.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest niðurstaða hans um greiðslu skaðabóta um annað en vexti, sem dæmast eins og í dómsorði segir. Einnig er staðfest málskostnaðarákvæði dómsins.

Ákærða ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Rétt hefði verið, að skipaður verjandi ákærða leitaði samráðs og atbeina embættis ríkissaksóknara vegna óskar um dómsyfirheyrslur eftir áfrýjun héraðsdóms.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingvar Þór Ólason, sæti fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um málskostnað og skaðabætur að öðru leyti en því, að dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 reiknist frá uppsögu héraðsdóms, 8. júlí 1996.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1996.

Ár 1996, mánudaginn 8. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinsyni héraðsdómara og meðdómsmönnum Kristjönu Jónsdóttur og Sverri Einarssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 466/1996: Ákæruvaldið gegn Ingvari Þór Ólasyni, sem tekið var til dóms 25. júní sl.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. maí sl., gegn ákærða, Ingvari Þór Ólasyni, Fróðengi 16, Reykjavík, kennitala 241072-4449, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa aðfaranótt eða árla morguns laugardagsins 16. febrúar 1996 í íbúð í húsinu [...] í Reykjavík, þar sem hann var gestkomandi, farið inn í svefnherbergi til konunnar K, sem þar var húsráðandi, afklætt K að neðanverðu og haft við hana samfarir, en vegna svefnþrungu og ölvunar gat konan ekki spornað við samræðinu og skynjaði ekki, hvað gerst hafði, fyrr en samfarirnar höfðu staðið nokkra stund.

Telst þetta varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Sif Konráðsdóttir héraðsdómslögmaður fyrir hönd K kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða K miskabætur, að fjárhæð 600.000 kr., auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. febrúar 1996 til 17. mars 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt sömu lögum frá þeim degi til greiðsludags, og kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar eftir mati dómara eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi“.

Málavextir.

Miðvikudaginn 6. mars sl. kom kærandi, K [...], til RLR og skýrði frá því, að 16. febrúar sl. hefði hún farið út að skemmta sér með eiginmanni sínum, M, og félögum hans úr knattspyrnuliði hér í borg; þeirra á meðal var ákærði. Kærandi skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að þau M hefðu farið heim um kl. 3.30 og verið að búa sig til hvílu, er gesti bar að garði, þau H, E, HS og ákærða. Kærandi kvað þau hafa setið í stofu við áfengisneyslu nokkra stund. Að sögn hennar sofnaði H í sófa inni í stofu, en kærandi kvaðst nokkru síðar hafa lagst til svefnis, en hún kvaðst fyrr um kvöldið hafa verið mikið ölvuð. Hún kvaðst hafa verið klædd í íþróttagalla, nærbuxur og brjóstahaldara, þegar hún sofnaði. Kvaðst kærandi hafa vakn-

að við það, að maður lá ofan á sér, og var hann í samförum við sig. Hún kvaðst í fyrstu hafa talið, að þetta væri eiginmaður sinn, og því tekið þátt í samförunum í fyrstu, en síðan hafi hún áttað sig á því, að um annan mann var að ræða. Kvaðst hún hafa ýtt manningum af sér, og fór hann þá strax fram. Kærandi kvaðst, þegar hún vaknaði, hafa verið klædd í bol íþróttagallans og brjóstahaldara, en buxurnar og nærbuxurnar legið í rúminu. Sagðist kærandi hafa klætt sig og farið fram, og kvað hún ákærða hafa setið í stól, og var hann að reykja, en eiginmaður sinn og aðrir gestir voru sofandi í stofunni. Kvaðst kærandi hafa skipað ákærða að fara út úr íbúðinni, og varð hann þegar við því. Kvaðst kærandi aldrei hafa gefið ákærða í skyn, að hún vildi þýðast hann, og ekki mundi hún eftir samræðum við hann í rúminu, áður en hann hóf samfarir við sig. Kærandi kvað ákærða hafa komið á heimili þeirra að kvöldi 18. febrúar sl. og þá beðist afsökunar á framferði sínu. Kvaðst kærandi í fyrstu ekki hafa ætlað að leggja fram kærú á hendur ákærða, en eftir að hún sá, að hann ætlaði ekki að bæta ráð sitt í sambandi við áfengisneyslu, hefði hún skipt um skoðun.

Kærandi fór á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans 4. mars sl., en þar sem þá var nokkur tími liðinn frá umræddum atburði, þykir ekki þörf á því að rekja þau gögn.

Ákærði skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að sér hefði verið boðið í samkvæmi til kæranda og eiginmanns hennar. Ákærði kvað þau hafa setið við drykkju í stofunni, en kærandi síðan farið inn í svefnherbergi, en aðrir sofnað í stofunni einn af öðrum. Ákærði kvaðst hafa farið inn í svefnherbergið og lagst við hlið kæranda í hjónarúminu. Kvaðst hann hafa spurt hana, hvort hún væri sofandi, en hún neitað því. Kvaðst ákærði hafa kysst hana og hún tekið á móti sér. Kvaðst ákærði hafa klætt hana úr nærbuxunum og farið sjálfur úr buxum og nærbuxum og lagst ofan á kæranda og haft samfarir við hana. Kvað hann kæranda hafa aðstoðað við að færa lim hans í leggöng sín og kvað kæranda hafa tekið þátt í samförunum í byrjun, en eftir 1–2 mínútur hefði hún beðið hann að hætta og hann orðið við því og farið út. Ákærði kvaðst ekki hafa skilið, hvers vegna hún bað hann að hætta. Ekki kannaðist ákærði við að hafa reykt í stofunni, og ekkert mundi hann nánar um samræður þeirra, áður en samfarirnar hófust. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, en að sögn hans vissi hann vel, hvað hann gerði. Ákærði kvað kæranda aldrei hafa sýnt sér áhuga áður. Tveimur dögum síðar kvaðst ákærði hafa beðið kæranda og eiginmann hennar afsökunar á því að hafa haft samfarir við kæranda, en að mati hans fólst ekki í þessari afsökunarbeiðni viðurkenning á því, að hann hefði gerst sekur um þá háttsemi, sem ákæra lýtur að, heldur taldi hann það ekki framkomu við hæfi að hafa samfarir við eiginkonu íþróttafélaga síns.

Vitnið M, eiginmaður kæranda, skýrði svo frá fyrir dómi, að kærandi hefði sagt sér frá því, sem gerðist um hádegisbil 17. febrúar sl. Kvað vitnið kæranda hafa legið og grátið, og var hún móðursjúk að mati vitnisins. Vitnið kvaðst hafa verið vakandi, er kærandi fór inn í svefnherbergið, en kvaðst hafa sofnað á undan ákærða.

Vitnið E skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hefði séð, er kærandi fór inn í svefnherbergi, og kvaðst vitnið hafa séð til hennar í rúminu. Var hún þá klædd í íþróttabuxur og í bol og með sængina ofan á sér að hálfu leyti. Vitnið kvaðst síðan hafa sofnað við hlið H, unnustu sinnar, en vitnið taldi þá M, ákærða og HS hafa verið vakandi. Vitnið kvaðst hafa vaknað um kl. 6.00–6.30, og var kærandi þá hágrátandi og greinilega brugðið. Sá vitnið, að ákærði var farinn, en M var sofandi. Vitninu virtist mikið vera að; kærandi sat og stóð til skiptis, og taldi vitnið rétt, að H ræddi við hana. Vitnið kvaðst síðan hafa rætt við kæranda, og sagði hún honum þá, hvað gerst hefði; hún hefði vaknað við einhvern ofan á sér. Vitnið bar fyrir dómi, að kærandi hefði ekki vitað, hver það var, en í lögregluskýrslu er haft eftir vitninu, að kærandi hefði sagt, að um ákærða væri að ræða.

Vitnið H skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði sofnað fyrst allra í umræddu samkvæmi. Kvað vitnið kæranda hafa vakið sig um morguninn og þá verið hágrátandi. Kvað vitnið þær hafa rætt saman inni í eldhúsi, og brotnaði kærandi þá niður að sögn vitnisins og sagði ákærða hafa farið upp í rúm til sín og reynt að hafa samfarir við sig. Tjáði kærandi vitninu, að hún hefði hugsanlega tekið þátt í samförunum, af því að hún hefði haldið, að um eiginmann sinn væri að ræða. En er hún áttaði sig á því, að svo var ekki, hefði hún í fyrstu ekki vitað, hver var að verki, fyrr en hún kom inn í stofu og sá ákærða þar vakandi.

Vitnið HS skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði vaknað um hádegisbil umræddan dag, og voru kærandi og M þá í íbúðinni. Að sögn vitnisins var kærandi hágrátandi, og sögðu þau vitninu frá því, að kærandi hefði vaknað við það, að ákærði var í samförum við hana.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, hefur ákærði kannast við að hafa haft samfarir við kæranda, en telur, að í upphafi hafi samfarirnar verið með fullu samþykki hennar. Hefur ákærði borið, að hann hafi spurt kæranda, hvort hún væri sofandi, en hún neitað því. Hafi hann þá leitað eftir samförum við hana og hún tekið á móti sér og aðstoðað sig við að setja lim hans í leggöng hennar. Ákærði og kærandi eru sammála um, að eftir stutta stund hafi samförunum lokið, eftir að kærandi ýtti ákærða frá sér, og hvarf ákærði við svo búíð á braut.

Kærandi hefur lýst því, að hún hafi í upphafi talið, að hún væri í samförum við eiginmann sinn, en er hún áttaði sig á því, að svo var ekki, hafi hún þegar ýtt ákærða af sér. Telja verður upplýst í málinu, að enginn samdráttur hafi verið á milli ákærða og kæranda um nóttina.

Í máli þessu ber að hafa í huga, að ákærði fer inn í svefnherbergi stúlku, sem lagst hafði til svefns á heimili sínu eftir áfengisneyslu, og falast eftir samförum við hana, þegar aðstæður eru þannig, að eiginmaður hennar er sofandi í stofu á heimili þeirra. Hafði ákærði enga ástæðu til að ætla, að kærandi myndi þýðast sig. Þegar þessar aðstæður eru virtar, þykir framburður kæranda um, að hún hafi í svefnrofunum talið sig vera í samförum við eiginmann sinn, vera trúverðugur. Framburður þeirra vitna, er yfirheyrð hafa verið fyrir dómi og lýst hafa geðshræringu kæranda um morguninn, styrkja þá frásögn kæranda, að henni hafi verið misboðið kynferðislega.

Þegar allt framanritað er virt, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða sættist hann á sektargreiðslu fyrir ölvun árið 1990, og 25. október 1995 var ákærði sektaður og sviptur ökurétti í fjóra mánuði fyrir ölvunarakstur. Hinn 22. nóvember 1995 féllst ákærði á fjársekt og tveggja ára ökuréttarsviptingu fyrir ölvunarakstur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsivistarinnar, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabætur.

Sif Konráðsdóttir héraðsdómslögmaður hefur fyrir hönd kæranda krafist 600.000 króna miskabóta úr hendi ákærða auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. febrúar 1996 til 17. mars 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt sömu lögum frá þeim degi til greiðsludags, og kostnaðar vegna lögmannaaðstoðar eftir mati dómara eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi. Af hálfu ákærða er krafist sýknu, en ella stórfelldrar lækkunar bótakröfu.

Með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 ber að dæma ákærða til að greiða kæranda 250.000 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. febrúar 1996, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hefur þá verið tekið tillit til lögfræðikostnaðar við gerð kröfunnar, þar á meðal virðisaukaskatts.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hrl., 60.000 krónur.

Sigurður Gísli Gíslason fulltrúi flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingvar Þór Ólason, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsivistarinnar, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði K, Reykjavík, 250.000 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. febrúar 1996 til 17. mars 1996, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hrl., 60.000 krónur.
